	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8/6 2018
Málsnr:	1607335
Bréfal:	011

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 5. júní 2018

Greinargerð kjörstjórnar um staðsetningu kjörstaða í bænum með tilliti til fjarlægða og almenningssamgangna.

Bæjarráð Hafnarfjarðar óskaði eftir greinargerð kjörstjórnar um framanritað.

Kjörstjórn Hafnarfjarðar hefur undanfarnar kosningar notað tvo kjörstaði, þ.e. Lækjarskóla og Víðistaðaskóla, sem hafa þjónað því hlutverki mjög vel.

Eftirfarin atriði hefur kjörstjórn einkum verið haft til hliðsjónar hvað varðar kjörstaði.

1. Góðar almenningssamgöngur
2. Góð reynsla
3. Næg bílastæði
4. Gott aðgengi fyrir fatlaða
5. Kostnaður

Almenningssamgöngur af völlum í Víðistaðaskóla, þar sem íbúar vallahverfis kjósa, eru góðar. Leið nr. 1 hjá strætó fer um vallahverfið og stoppar á Reykjavíkurvegi við Hraunbrún, mjög nálægt Víðistaðaskóla og skv. tímatöflu strætó tekur sú ferð fyrir þá sem lengst þurfa að fara 20 mínútur í vagni og u.þ.b. 5 mín í göngu.

Undanfarin ár hafa framangreindir skólar verið nýttir sem kjörstaðir án athugasemda eða tillagna um aðra staði. Reynsla kjörstjórnar af þessum stöðum er mjög góð, báðir staðirnir þjóna upp á fjölgun kjördeilda.


Bílastæði eru næg á báðum stöðum.

Aðgengi fyrir fatlaða er með ágætum á báðum kjörstöðum.

Kostnaður við hvern kjörstað er töluverður og hefur kjörstjórn haft það í huga að halda kostnaði vegna kosninganna eins lágum og unnt er án þess þó að það komi niður á þjónustu við kjósendur. Framangreindir skólar eru í eigu bæjarins, því þarf bærinn ekki að greiða leigu fyrir afnot þeirra.

Virðingarfyllt,

Yfirkjörstjórn Hafnarfjarðar


Þorfi Karl Ant
Hafnarfjarðarbær
Barna Blau